

GJALDSKRÁ

vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á að málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.

2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 497.

3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mötuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómsundarheimilum grunnskólanna kr. 160 fyrir síðdegishressingu.

5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar og rekstur mötuneytis nemenda Garðaskóla. Fyrirtækið annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 3. desember og öðlast gildi 1. janúar 2021.

Garðabæ, 3. desember 2020

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*